

Framtíðarfyrirkomulag fæðingarstyrkja

4. Þing Kennarasambands Íslands haldið 9. til 11. apríl 2008 samþykkir að Sjúkrasjóður KÍ yfirtaki hluta KÍ í rekstri Fjölskyldu- og styrktarsjóðs BHM, BSRB og KÍ frá og með þeim tíma sem stjórn sjóðsins ákveður að leggja niður sameiginlega afgreiðslu bandalaganna í núverandi mynd.

Þingið gerir ekki ráð fyrir að yfirtakan hafi áhrif á upphæð fæðingarstyrkja og miðar í því sambandi við að innkoma í þennan hluta sjóðsins skiptist með sama hætti og verið hefur milli styrkja annars vegar og umsýslukostnaðar hins vegar.